

barst vitneskja um ákvörðun. Velferðarráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Ákvörðun velferðarráðs skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.

38. gr.

Málskot til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun velferðarráðs til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun velferðarráðs.

39. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem samþykktar voru af borgarráði 28. apríl 2005, að fengnum tillögum félagsmálaráðs (nú velferðarráð), eru settar í samræmi við 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum. Reglurnar öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 276/2004.

Reykjavík, 9. maí 2005.

Borgarstjórinn í Reykjavík,

Steinn Valdís Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi virkjunarsvæðis Orkuveitu Reykjavíkur á Hellisheiði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 21. desember 2004 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi virkjunar Orkuveitu Reykjavíkur á Hellisheiði.

Bæjarstjórn Ölfuss heimilar auglýsingu á tillögu að breytingu á samþykktu deiliskipulagi fyrir virkjun á Hellisheiði, samkvæmt 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum. Deiliskipulag þetta kemur í stað deiliskipulags sem samþykkt var af sveitarstjórn Ölfuss 24. júní 2004 og öðlaðist gildi 20. júlí 2004.

Ytri mörkum skipulagssvæðisins er ekki breytt. Gerðar eru breytingar á skipulaginu sem ná til 17 liða. Aðalbreytingar eru að skiljustöð A ofan Hellisskarðs færist til norðurs. Skiljustöð B færist einnig til norðurs, norður fyrir veg að Sleggjubeinsdal. Geymslusvæði fyrir tengingar á röralögnum verður við svæði sem var lagersvæði fyrir efni rétt við skiljustöð B. Lagnaleiðir eru settar fram eins og þær verða. Ákvæði Sveitarfélagsins Ölfuss um meðferð niðurrennsli vatns er komið inn á skipulagsupphráttinn.

Fyrir liggja byggingarskilmálar.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Porlákshöfn, 11. maí 2005

Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.